

Nd.

454. Þingsályktun

um breyting á slysatryggingalögum.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi lagafrumvarp, er feli í sér þær breytingar á slysatryggingalögunum, að meira samræmi en nú á sér stað verði komið á um greiðslu dagpeninga þegar slys ber að höndum, þannig að þeir, sem sjó stunda, verði ekki verr úti en hinir, sem í landi vinna, og einnig að greiddur verði kostnaður við læknishjálp, lyf og umbúðir fyrir bótaskyld slys frá því að slysið vill til.